

## Skilablað – Skúlagata 4 – Húsnæði ráðuneyta

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna forathugunar á Skúlagötu 4 fyrir húsnæði ráðuneyta.

### 1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu 6. október 2017. Verkefnisstjóri hjá FSR var Gísli Guðmundsdóttir.

### 2 Verklýsing

Byggingin, Skúlagata 4, stendur á Stjórnarráðsreit og er í eigu ríkisins. Allt húsið er rúm 6.000 m<sup>2</sup>, en tekin hefur verið ákvörðun um að Hafrannsóknastofnun (áður Hafró og Veiðimálastofnun) flytji úr húsinu, væntanlega haustið 2020. Hafró hefur um árabil haft um helming hússins til ráðstöfunar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur haft húsið til umráða á móti Hafrannsóknastofnun.

Forathugun þessi fólst í að kanna hvaða innanhússbreytingar og endurbætur sé nauðsynlegt að gera á húsinu þegar Hafrannsóknastofnun flytur út, þannig að það verði eftirsóknarverður kostur fyrir skrifstofur ráðuneyta. Ástandskönnun utanhúss og utanhússviðgerðir fóru fram árið 2004 og er ytra byrði hússins í nokkuð góðu ásigkomulagi, sérstaklega framhúsið, en bakkálfurinn þarfnast viðgerða. Í framhaldi af forathuginni um innanhússendurbætur verður unnin frumathugun um þá möguleika sem fyrir hendi eru í húsinu fyrir húsnæði ráðuneyta.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer barst 10. október 2017 og verkefnið fékk númerið 633 0250.

### 4 Framvinda

Í forathuginni voru skoðaðir og kostnaðargreindir þrír valkostir varðandi breytingar og endurbætur innanhúss á húsnæðinu. Hæðirnar eru í mjög misjöfnu ástandi og ákveðin svæði hafa verið

endurbætt á ýmsum tímum. Áætlaður heildarkostnaður lausnanna þriggja er frá 1.000 m.kr. til 1.800 m.kr., en dýrasta lausnin gerir ráð fyrir að byggt verði ofan á bakkálf hússins.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður vegna vinnu FSR við forathuginina var 1,4 m.kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Að beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytis voru í forathuginni ekki skoðaðar lausnir í húsinu fyrir einstök ráðuneyti, heldur skoðaðir möguleikar fyrir starfsemi ráðuneyta í húsinu almennt og nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu kostnaðarmetnar. Um er að ræða um 6.000 m<sup>2</sup> húsnæði. Samkvæmt nýjustu viðmiðum ættu því að rúmast í húsinu allt að 300 starfsmenn. Því er ljóst að mjög margir möguleikar eru fyrir hendi um hvaða ráðuneytum verður fundinn staður í húsinu.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Eins og fram kemur í lið 6 er í forathuginni gerð kostnaðargreining á endurbótum í húsnæðinu almennt. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hefur haft húsið til umráða á móti Hafró og hefur hug á að vera þar áfram. Einnig hefur velferðarráðuneytið, sem er nú tímabundið í Skógarhlíð 6, látið í ljós mikinn áhuga á að fá inni í húsinu.

Samkvæmt ósk verkkaupa er næsta skref að gera nýjar þarfagreiningar fyrir áður nefnd tvö ráðuneyti til að sjá hver núverandi fermetraþörf þeirra er. Áform eru um að samnýting á rýmum fyrir bæði ráðuneytin verði viðhöfð og að einnig verði um að ræða svokallað verkefnaðið vinnuumhverfi í húsinu.


Stofnuð voru tvö ný verknúmer fyrir þarfagreiningarnar, það er 633 0139 fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og 633 0140 fyrir velferðarráðuneytið. Vinna við þarfagreiningarnar er hafin hjá viðkomandi ráðuneytum í samvinnu við FSR. Verkefnisstjóri er Gísli Guðmundsdóttir.

### 8 Verklök

Forathuginni lauk og var hún gefin út í maí 2018.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvársdóttir, forstjóri



Gísli Guðmundsdóttir verkefnastjóri